

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 30. apríl 2024
Málsnúmer: 20240403391

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 - þskj. 1353, þingmál 908.

Ríkisskattstjóri móttók hinn 16. apríl sl. tölvupóst þar sem gefinn var kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda við ákvæði einstakra greina frumvarpsins eins og það liggur fyrir:

Í 18. gr. frumvarpsins er boðuð breyting á 3. mgr. 34. gr. laganna og orðast breytingin svo:

„Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um skattalega heimilisfesti, heimilistryggingu og tekjur umsækjanda frá skattyfirvöldum. Stofnuninni er heimilt að afla upplýsinga um greiðslur til umsækjanda frá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, vátryggingafélögum og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar við á. Þá er stofnuninni heimilt að afla upplýsinga um mat á örorku auk gagna sem matið byggist á, m.a. vottorða og gagna um heilsufar frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og vátryggingafélögum. Enn fremur er stofnuninni heimilt að afla upplýsinga frá Fangelsismálastofnun um tímabil afplánunar. Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að afla framangreindra gagna rafrænt í samræmi við ákvæði 50. gr. Telji umsækjandi upplýsingar frá framangreindum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar.“

I. Almennt um heimildir sjúkratryggingastofnunarinnar til öflunar upplýsinga frá skattyfirvöldum

Ríkisskattstjóri hefur leyft sér í umsögnum um frumvörp þar sem lögð er til upplýsingaskylda á embættið, að benda á að um þær upplýsingar sem aflað er af ríkisskattstjóra til grundvallar skattheimtu gilda ákvæði 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Er þar lögð sérstök þagnarskylda á ríkisskattstjóra og starfsmenn hans að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Forsendur skyldu ríkisskattstjóra til afhendingar upplýsinga og gagna um skattaðila eru því eðli máls samkvæmt þær að þagnarskyldunni sé aflétt við nánar tilgreindar aðstæður, og að skyldur ríkisskattstjóra til afhendingar gagna eða upplýsinga séu ótvíræðar. Þannig er mikilvægt að samhliða því að stjórnvaldi séu fengnar lagaheimildir til öflunar upplýsinga frá skattyfirvöldum, til að nýta við framkvæmd tiltekinna verkefna, að skýrt sé kveðið á um að upplýsingarnar skuli afhenda þrátt fyrir þá sérstöku þagnarskyldu sem annars gildir um þær.

Þá hefur ríkisskattstjóri lagt áherslu á að ávallt séu uppfyllt skilyrði um nauðsyn fyrir vinnslu og meðalhóf, þannig að miðlun upplýsinga taki t.a.m. aðeins til fyrirliggjandi gagna, sem og að gætt sé að öðrum reglum um persónuvernd.

Með vísan til framanritaðs þá bendir ríkisskattstjóri á að eins og frumvarpstextinn við 18. gr. er orðaður, þá yrði með fyrirhugaðri breytingu einungis veitt heimild til gagnaöflunar frá skattyfirvöldum en ekki jafnframt lögð ótvíræð skylda til afhendingar upplýsingunum, óháð sérstakri þagnarskyldu. Til samanburðar er vert að skoða 48. gr. og 51. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, þar sem Tryggingastofnun er heimilað að afla upplýsinga og að sama skapi er lögð ótvíræð upplýsingaskylda á þá aðila sem heimildin beinist að hverju sinni.

II. Um upplýsingar um heimilisfesti

Með breytingu skv. 18. gr. frumvarpsins er sérstaklega tiltekið að sjúkratryggingastofnuninni sé m.a. heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um heimilisfesti, heimilistryggingu og tekjur umsækjanda frá skattyfirvöldum.

Í fjórum töluliðum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru talin skilyrði þess að einstaklingar teljist bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Í fyrsta lagi er um að ræða þá einstaklinga sem heimilisfastir er hér á landi. Í öðru lagi þá sem heimilisfastir hafa verið hér á landi og flutt úr landi og fellt niður heimilisfesti hér, nema þeir sanni að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag. Í þriðja lagi er um að ræða einstaklinga sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, þar með talin eðlileg fjarvera héðan af landi vegna orlofs og þess háttar. Í fjórða lagi tekur ótakmörkuð skattskylda til þeirra sem ekki falla undir ákvæði 1.-3. tölul. lagagreinarinnar en starfa samtals lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, þar með talin eðlileg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, hefur ríkisskattstjóri úrskurðarheimild um hverjir skuli teljast hafa skattalega heimilisfastir hér á landi og hverjir ekki. Almennt er miðað við skráningu í Þjóðskrá og má segja að grunnskrá ríkisskattstjóra sé í flestum tilvikum í samræmi við hana. Þó er vert að geta þess að aðilar sem sýna fram á tekjur frá íslenskum aðilum, þ. á m. Tryggingastofnun, eru almennt ekki úrskurðaðir með skattalega heimilisfesti utan Íslands nema frekari upplýsingar staðfesti það sérstaklega. Þá geta námsmenn með lögheimili erlendis verið taldir skattalega heimilisfastir á Íslandi sbr. reglugerð nr. 648/1995, um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.

Hafi ríkisskattstjóri upplýsingar um að skráning í Þjóðskrá kunni að vera röng, þá framkvæmir hann sjálfstætt mat á því hvort einstaklingur kunni að vera raunverulega heimilisfastur erlendis eða teljist bera skattalega heimilisfesti hér á landi. Afrit af úrskurðum ríkisskattstjóra um þetta efni eru send þjóðskrá til þóknanlegrar meðferðar. Ríkisskattstjóri hefur ekki aðkomu að þeim athugunum og ákvörðunum sem Þjóðskrá kann að taka í kjölfar þess að þeirri stofnun berst afrit af úrskurði skattyfirvalda. Þá er ekki algilt að ríkisskattstjóra sé tilkynnt um niðurstöður Þjóðskrár um lögheimilisskráningu, en allt að einu þá breytir ríkisskattstjóri ekki

eigin úrskurði nema skattaðili óski eftir endurupptöku. Hér er vert að nefna að úrskurðir ríkisskattstjóra um skattalega heimilisfesti eru kæránlegir til yfirkattanefndar og jafnframt má bera þá undir dómstóla. Þannig geta komið upp tilvik þar sem ríkisskattstjóri hefur úrskurðað um að einstaklingur eigi eða eigi ekki að hafa skattalega heimilisfesti á Íslandi, þrátt fyrir að lögheimilisskráning bendi til annars. Þessi tilfelli eru þó ekki mörg.

III. Um upplýsingar um heimilistryggingu

Varðandi þær upplýsingar um heimilistryggingu sem vísað er til í frumvarpinu þá má gera ráð fyrir því að átt sé við slysatryggingu við heimilisstörf skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 45/2015, þar sem segir:

„Trygging við heimilisstörf.

Þeir sem stunda heimilisstörf geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá ósk þar að lútandi í skattframtal í byrjun hvers árs.“

Ríkisskattstjóri bendir á að ákvörðun skattaðila um að óska slíkrar tryggingar, með haki á skattframtali, séu ekki endilega einhlítar upplýsingar um það hvar einstaklingar séu búsettir. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að velji einstaklingur við framtalsskil að óska eftir slysatryggingu við heimilisstörf, þá er það val sjálfgefið á framtölum næstu ára eða þangað til skattaðili tilgreinir annað. Þannig mætti telja að upplýsingar um slysatryggingu við heimilisstörf séu ekki þess eðlis að þær geti með ótvíræðum hætti gagnast sjúkratryggingastofnuninni við ákvörðun um hvort einstaklingur skuli teljast sjúkratryggður á Íslandi á grundvelli búsetu. Í þessu samhengi leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á að samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 sbr. d lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skal ávallt gæta að því við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Að mati ríkisskattstjóra er notagildi þessara upplýsinga óhjákvæmilega ákveðnum annmörkum háð þó að vissulega sé unnt að horfa til þeirra í þeim tilgangi sem þeirra er aflað.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson